

43 nýir læknar útskrifast frá læknadeild HÍ

KARLAVELDIÐ innan læknastéttar er að hrynja, það fór ekki milli mála við útskrift nýrra lækna um Jónsmessuna. Að vísu hafa karlar vinninginn í röðum nýju læknanna, þeir eru 23 á móti 20 konum, en þetta verður í síðasta sinn sem svo er. Frá og með næsta ári verða konur fleiri í hverjum árgangi og ef taka á mið af umsóknum um innngöngu í læknadeild á þessu vori breytast kynjahlutföllin hratt í deildinni. Að þessu sinni þreyttu 130 konur inntökupróf en einungis 54 karlar.

Af þeim 43 sem útskrifuðust í ár eru sex með II. einkunn, 35 með I. einkunn og 2 með ágætiseinkunn. Dúxar eru Hilmir Ásgeirsson með 9,38 og Sólrún Melkorka Maggadóttir með 9,13.

Að vanda bauð Læknafélag Íslands útskriftarhópnunum til samsætis daginn fyrir útskrift. Þar voru bornar fram veitingar og nýir læknar undirrituðu læknaeiðinn og hlýddu á vísdom og hollráð sér eldri kollega. Þeir sem ávörpuðu hópinn að þessu sinni voru Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ, Stefán Sigurðsson forseti læknadeildar, Jón Snædal formaður Siðfræðiráðs LÍ og Margrét Georgsdóttir formaður Félags kvenna í læknastétt. Loks greindi Hulda Eiríksdóttir frá störfum



Hér að ofan er Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ búinn að afhenda dúxinum Hilmi Ásgeirssyni viðurkenningu en á neðri myndinni spjallar Stefán Sigurðsson deildarforseti við nýútskrifaðan lækni.



Nýútskrifaðir læknar hlýða á boðskap kolleganna og undirrita eiðstafinn.



Minningarsjóðs læknanema sem stofnaður var árið 2003 til minningar um Sigríði Reynisdóttur læknanema sem hefði átt að útskrifast það ár en lést meðan á námi stóð. —PH



Embættispróf í læknisfræði 25. júní 2005

Agnar Bjarnason
Anna Margrét Jónsdóttir
Arnfríður Henrýsdóttir
Arnþór Heimir Guðjónsson Luther
Ágúst Hilmarsson
Bjarni Geir Viðarsson
Brynja Ármannsdóttir
Einar Þór Bogason
Einar Þór Hafberg
Elías Þór Guðbrandsson
Elín Anna Helgadóttir
Eva Jónasdóttir
Guðmundur Otti Einarsson
Guðmundur Fr. Jóhannsson
Guðný Stella Guðnadóttir
Guðrún Jónsdóttir
Hallgerður Lind Kristjánsdóttir
Helga Margrét Skúladóttir
Helgi Karl Engilbertsson
Hermann Páll Sigbjarnarson
Hildur Þórarinsdóttir
Hilmir Ásgeirsson

Hlynur Georgsson
Hulda Rósa Þórarinsdóttir
Ingibjörg Hilmarsdóttir
Janus Freyr Guðnason
Jenna Huld Eysteinsdóttir
Jens Kristján Guðmundsson
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jón Torfi Gylfason
Matthildur Sigurðardóttir
Oddur Ingimarsson
Óttar Geir Kristinsson
Ragna Hlín Þorleifsdóttir
Sigríður Bára Fjalldal
Sigurbjörg Sigurjónsdóttir
Sólrún Melkorka Maggadóttir
Steinar Björnsson
Steinunn Arnardóttir
Trausti Óskarsson
Viktor Davíð Sigurðsson
Þórður Þórarinn Þórðarson
Örvar Gunnarsson